

Ársfundur leikskólaliða 2015

Faghópur leikskólaliða og Faghópur félagsliða í Eflingu-stéttarfélagi héldu ársfund sinn fimmtudaginn 26. mars 2015.

Fundurinn var haldinn í húsnæði Eflingar Sætúni 1 og hófst kl. 20:00 Faghóparnir héldu sinn ársfund sitt í hvoru lagi og sameinuðust svo.

Dagskrá fundarins var venjuleg ársfundarstörf, skýrsla stjórnar, kosning stjórnar. Aðalheiður Sigurjónsdóttir, Mímir – kynning á námsframboði, Fjóla Jónsdóttir Eflingu - kynning á fræðslusjóði Eflingar. Sigurður Bessason gat því miður ekki komið og fjallað um stöðu kjaramála. Sigurrós Kristinsdóttir varaformaður Eflingar hljóp í skarðið og fór yfir stöðu kjaramála.

Faghópur leikskólaliða er nú að hefja sitt áttunda starfsár og hefur leikskólaliðum hjá Eflingu fjölgað stöðugt á þessum tíma. Aðalbjörg Jóhannesdóttir fór yfir ársskýrslu leikskólaliða en síðasti ársfundur var haldinn 7. apríl 2014.

Kosning stjórnar fór fram þar sem Elín Jónsdóttir og Sigurlaug Brynjólfsdóttir buðu sig aftur fram til tveggja ára. Það voru engin mótframboð því var þetta samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Sigurrós Kristinsdóttir er svo áfram tengiliður okkar við Eflingu.

Aðalheiður Sigurjónsdóttir frá Mímir símenntun kom og var með kynningu á námsframboði sem Mímir býður upp á, þar á meðal var framhaldsnám fyrir leikskólaliða og félagsliða. Einnig bentu hún á að það væri hægt að fá námsráðgjöf að kosnaðarlausu. Það var einnig bent á að Borgarholtsskóli væri að fara af stað með framhaldsnám fyrir leikskólaliða sem er fimm anna nám sem gefur möguleika á stúdentsprófi sem nýtist áfram í Háskóla.

Fjóla Jónsdóttir Fræðslustjóri Eflingar var með kynningu á úthlutunarreglum einstaklingsstyrkja hjá Starfsmenntunar- og starfsþróunarsjóði Eflingar og Reykjavíkurborgar. Hún fór vítt og breitt yfir reglur sjóðsins.

Sigurrós Kristinsdóttir fór yfir stöðu kjaramála. Fjöldi gesta í heild 66.

Fræðslufundur leikskólaliða

Á fræðslufundinum sem haldinn var 11. nóvember 2014 hélt Þórhildur Þórhallsdóttir fyrirlesturinn Af kynslóðabilunum og gördum bilunum í samskiptum fólks, en þar var farið á fræðilegan hátt yfir rannsóknir á kynslóðabilunum.

Sigurrós Kristinsdóttir fór yfir ástand leigumarkaðarins og áhrif þess á börn. Hún sagði að þetta væri ólíðandi ástand sem enginn á að búa við og bætti við að það væru mannréttindi en ekki forréttindi að búa börnunum öruggt húsnæði.